

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

| Gjaldið er sem hér greinir: | kr. |
|-------------------------------|-------|
| Íbúðir á Grenivík | 8.400 |
| Sveitabýli | 8.400 |
| Sveitaheimili | 5.600 |
| Sumarbústaðir á Grenivík | 5.600 |
| Sumarbústaðir utan Grenivíkur | 2.600 |

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru í heimili.

| Sorphirðugjald fyrirtækja flokkast þannig: | kr. |
|--|--------|
| 1. flokkur | 5.600 |
| 2. flokkur | 8.400 |
| 3. flokkur | 26.000 |
| 4. flokkur | 52.000 |

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps og staðfest í sveitarstjórn 3. og 17. desember 2001.

Grenivík, 3. janúar 2002.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.